

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 14. febrúar 2024

Mál nr. E-2923/2023:

A

(Gunnar Gíslason lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Þorvaldur Hauksson lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 25. janúar 2023, var höfðað 26. apríl 2023 af A á hendur íslenska ríkinu, Arnarhvoli, Reykjavík, til greiðslu miskabóta, auk málskostnaðar.

Stefnandi krefst þess að stefnda verði gert að greiða sér 800.000 krónur í miskabætur með dráttarvöxtum frá 18. apríl 2022 vegna þvingunaraðgerða lögreglu, þ.e. handtöku og tveggja líkamsrannsókna, sem stefnandi hafi þurft að þola í máli lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu nr. [...] þann [...] 2018. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda líkt og ekki væri um gjafsóknarmál að ræða.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi kveður málsatvikum vera lýst í skýrslum lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu undir málsnúmerinu [...] og vera að mestu óumdeild. Lýsir hann aðdraganda handtöku svo að fimmtudaginn [...] 2018 hafi lögreglumenn á lögreglubifreið veitt honum athygli er hann hafi ekið bifreið sinni vestur Suðurlánda í Reykjavík, en með honum í för hafi verið vinnufélagi hans, sem setið hafi í farþegasæti bifreiðarinnar. Lögreglumennirnir hafi elt þá um 2,6 kílómetra leið vestur Suðurlánda, norður nánast allan Höfðabakka, framhjá Bæjarhálsi, þar til stefnandi hafi beygt inn á Vesturlandsveg. Lögreglan hafi gefið honum stöðvunarmerki með bláum lögregluljósum við bensínstöð Orkunnar á Vesturlandsvegi og þar hafi hann numið staðar.

Stefndi kveður lögreglu hafa stöðvað stefnanda við almennt umferðareftirlit í greint sinn. Í samræðum lögreglumanna við stefnanda hafi vaknað grunur um að hann væri undir áhrifum fíkniefna þar sem kannabislykt hafi verið af honum, auk þess sem líkamleg einkenni hafi gefið til kynna að hann hefði neytt slíkra efna. Aðspurður um fíkniefnaneyslu hafi stefnandi ekki getað gefið endanlegt svar um það. Hann hafi verið handtekinn klukkan 8.30 grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og kynnt

réttarstaða sakbornings. Í framhaldi af því hafi hann verið færður á lögreglustöð þar sem hann hafi gefið þvagsýni sem gefið hafi jákvæða niðurstöðu á kannabis. Því næst hafi hjúkrunarfræðingur dregið blóðsýni úr stefnanda og hann verið frjáls ferða sinna að henni lokinni, klukkan 9.32.

Stefnandi kveðst hafa verið nýlega vaknaður þegar lögregla stöðvaði hann, klukkan hafi aðeins verið rétt rúmlega átta á fimmtudagsmorgni um miðjan vetur og hann hafi eðlilega verið þreytulegur, enda hafi vinnudagurinn á undan verið bæði langur og strembinn. Lögregla hafi metið það svo, út frá útliti hans einu saman, að hann væri undir áhrifum fíkniefna og spurt hann út í fíkniefnaneyslu, sem hann kveðst í stefnu hafa neitað að tjá sig um. Þá hafi hann verið handtekinn og færður á lögreglustöðina við Vínlandsleið, þar sem honum hafi verið gert að skila af sér þvagsýni, auk þess sem hjúkrunarfræðingur hafi komið á staðinn og dregið úr honum blóð. Stefnandi kveðst vera illa haldinn af ofsahræðslu við nálar (e. *trypanophobia*) og blóðsýnatakan hafi verið honum mjög erfið andlega. Stefnanda hafi verið sleppt úr haldi lögreglu að lokinni sýnatöku, rúmum klukkutíma síðar, eða klukkan 9.32, og þá hafa verið orðinn of seinn til vinnu sinnar. Hann hafi fengið skammir fyrir frá vinnuveitanda sínum, auk þess sem hann hafi ekki fengið greidd laun fyrir þann tíma sem hann hafi misst úr vinnu. Stefnandi kveður engin vímuefandi eða ólögleg efni hafa fundist, hvorki í þvagi né blóði hans.

Samkvæmt matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði, 29. nóvember 2018, mældist niðurbrotsefni kannabis, tetrahýdrókannabínólsýra, í þvagsýni, en tetrahýdrókannabínól var ekki í mælanlegu magni í blóðsýni.

Rannsókn málsins hjá lögreglu var hætt 18. september 2019 með vísan til 4. mgr. 52. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Með bréfi lögmanns stefnanda til ríkislögmanns, dags. 18. mars 2022, var óskað eftir afstöðu íslenska ríkisins til bótaskyldu á grundvelli 1. og 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála vegna fyrrgreindra þvingunaraðgerða sem beinst hafi að stefnanda á grundvelli X. og XIII. kafla sömu laga. Áskilinn var réttur til málshöfðunar án frekari viðvörunar og tiltekinn frestur til 13. maí 2022 til að svara.

Svar barst frá ríkislögmanni með bréfi, dags. 19. desember 2022, þar sem bótaskyldu íslenska ríkisins á grundvelli 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 var hafnað í umræddu máli með þeim rökum að eins og atvikum væri háttáð yrði að líta svo á að með því að neyta kannabisefna og með óskýrum svörum þar að lútandi hafi stefnandi valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Stefnandi kveður sér því vera nauðugur sá kostur að höfða mál þetta.

Við aðalmeðferð málsins kom stefnandi fyrir dóm og gaf þar skýrslu og vitni báru tveir lögreglumenn sem að málinu komu, annar þeirra um síma. Verður vísað til þess sem þar kom fram í niðurstöðukafla eftir því sem tilefni þykir til.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála eigi maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta ef mál hans hefur verið fellt niður. Samkvæmt 2. mgr. sömu lagagreinar skuli dæma bætur vegna aðgerða samkvæmt IX.–XIV. kafla laganna, ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þó megi fella niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Það eigi þó ekki við í þessu máli, þar sem stefnandi hafi á engan hátt stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á. Hann fái ekki skilið hvernig embætti ríkislögmans hafi komist að þeirri niðurstöðu á stjórn-sýslustigi.

Fyrirgreindar reglur sakamálalaga séu í samræmi við ákvæði 5. mgr. 67. gr. og 2. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944.

Bótaábyrgð samkvæmt 1. mgr. 246. gr. sakamálalaga sé hlutlæg og verði réttur sakborninga til bóta ekki skertur þótt fullt tilefni hafi verið til aðgerða lögreglu gagnvart þeim og lagaskilyrði fyrir þeim uppfyllt. Sakborningar eigi því rétt á bótum nema því verði slegið föstu að þeir hafi valdið eða stuðlað að rannsóknaraðgerðum, sbr. síðari málslið 2. mgr. 246. gr. laganna.

Stefndi hafi hafnað bótaskyldu á grundvelli ákvæða 246. gr. laganna með vísan til þess að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglunnar í umrætt sinn með því að að hafa reykt kannabisefni í fortíð og neita að tjá sig. Þessu mótmæli stefnandi.

Í fyrsta lagi sé það ein af grundvallarreglum réttarríkisins að sakborningar þurfi ekki að tjá sig eða svara spurningum lögreglu. Það að stefnandi neiti að svara spurningum lögreglu um einkalíf sitt eigi ekki að vera honum í óhag. Þá gangi það í berhögg við gildandi dómafordæmi að stefnandi hafi sjálfur valdið eða stuðlað að aðgerðum lögreglu með „óskýrum svörum“. Í dómi Landsréttar 11. október 2019 í máli nr. 808/2018 segi skýrt í forsendum niðurstöðu að framburðir sakborninga hjá lögreglu geti einir og sér ekki talist leiða til þess að þeir teljist hafa valdið eða stuðlað að upphafsáðgerðum lögreglu í skilningi 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Í öðru lagi hafi lögreglan með framgöngu sinni brotið meðalhófsreglur, sbr. m.a. 3. mgr. 53. gr. sakamálalaga og 14. gr. lögreglulaga nr. 90/1996, en með aðgerðum lögreglu hafi verið brotið gegn skráðum og óskráðum meðalhófsreglum og gengið lengra en nauðsynlegt hafi verið. Lögreglu hefði verið í lófa lagið að framkvæma svokallað DrugWipe-próf á stefnanda á vettvangi, en þannig hefði mátt komast hjá öllum þeim þvingunaraðgerðum lögreglu sem átt hafi sér stað. Þess í stað hafi lögreglan strax valið þá leið sem valdið hafi stefnanda mestum óþægindum; að handtaka hann og færa á lögreglustöð, þar sem hann hafi m.a. verið stunginn með nál og dregið úr honum blóð.

Í þriðja lagi hafi lögregla enga ástæðu haft til að ætla að stefnandi væri að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna. Ekki hafi verið fyrir hendi rökstuddur grunur um að hann hefði framið brot sem varðað gæti fangelsisrefsingu að lögum, líkt og áskilið sé í 1. mgr. 77. gr. sakamálalaga. Ekki hafi verið ástæða til að ætla að hann væri að aka undir áhrifum og væri þar með brotlegur gegn 45. gr. a þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, svo sem áskilið sé fyrir veitingu lífsýnis samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 47. gr. sömu laga. Tilefni sýnatökunnar hafi aðeins verið hugarburður þeirra lögreglumanna sem að málinu hafi komið og byggst á útliti stefnanda einu saman, svo sem skýrt sé í frumskýrslu lögreglu. Enginn rökstuddur grunur hafi raunverulega verið fyrir hendi um að stefnandi væri að aka undir áhrifum, enda hafi það ekki verið raunin. Hefðu lögreglumennirnir í reynd haft raunverulegan grun um að stefnandi hefði verið að aka undir áhrifum ávana- og fíkniefna hefðu þeir stöðvað hann strax í stað þess að fylgja honum eftir tæpa þrjá kílómetra í gegnum þrjú pósthúsnúmer, þ.e. 111, 109 og 110 Reykjavík, áður en ákveðið hafi verið að stöðva hann.

Í fjórða lagi sé taka blóð- og þvagsýna taka lífsýna í skilningi 1. mgr. 77. gr. sakamálalaga og fyrir töku slíkra lífsýna þurfi annað hvort dómsúrskurð eða ótvírætt samþykki þess sem í hlut eigi, sbr. 2. mgr. 78. gr. laganna. Hvorugs hafi verið aflað í málinu. Lögreglan og þar með stefndi hafi því gróflega brotið gegn friðhelgi einkalífs stefnanda, sem verndað sé bæði í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Í fimmta lagi hafi það valdið stefnanda töluverðum miska að undirgangast umræddar líkamsrannsóknir, enda hafi með því verið gengið eins nálægt friðhelgi einkalífs hans og líkama og unnt sé. Það hafi fengið mjög á hann að þurfa að gangast undir slík próf og þar með rannsóknir að tilhæfulausu. Við mat á miska stefnanda sé einnig á því byggt að aðgerðirnar hafi í reynd verið ólögmætar. Viðhlítandi rökstuddur grunur um brot hafi ekki verið fyrir hendi, nauðsyn hafi ekki staðið til aðgerðanna og lagaskilyrði til aðgerðanna hafi því ekki verið uppfyllt, sbr. einkum 76. og 77. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og ákvæði 1. mgr. 47. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Að auki hafi aðgerðir lögreglu orðið til þess að stefnandi hafi komið of seint til vinnu umræddan dag, en það hafi bæði skert laun hans og skapað honum óvild hjá þáverandi vinnuveitanda. Ólögmæti aðgerðanna í heild sinni hafi verið til þess fallið að auka enn frekar á miska stefnanda.

Fyrir utan hina hlutlægu bótaábyrgð íslenska ríkisins á grundvelli 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála sé enginn vafi á því að stefnandi hafi að auki orðið fyrir miska vegna hinnar ólögmætu handtöku, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, þar sem í eðli hennar felist ólögmæt meingerð gegn frelsi, friði, æru og persónu stefnanda, sem íslenska ríkið beri ábyrgð á, og beri að greiða bætur fyrir eftir almennu sakarreglunni og reglu skaðabótaréttar um vinnuveitendaábyrgð.

Við mat á miska stefnanda verði að hafa í huga að með handtökunni hafi einnig verið gengið á grundvallarréttindi stefnanda sem bundin séu í stjórnarskrá og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994.

Miski stefnanda sé hæfilega metinn 800.000 krónur.

Auk framangreinds vísi stefnandi til meginreglna skaðabóta- og refsiréttar auk meginreglna opinbers réttarfars, stjórnarskrár lýðveldisins um þvingunaraðgerðir og tjáningarfrelsi, sbr. einnig 10. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Kröfu um dráttarvexti styðji stefnandi við III. og IV. kafla nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, en upphafsdagur vaxta sé mánuði eftir að embætti ríkislögmans hafi verið sent kröfubréf. Krafa um málskostnað byggist á 129. gr. og 1. mgr. 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 og varðandi varnarþing vísist til 3. mgr. 33. gr. sömu laga.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir málsástæðum stefnanda í heild sinni sem röngum og ósönnuðum.

Ástæða hafi verið til að ætla að stefnandi hafi umrætt sinn brotið gegn ákvæðum 44. gr., sbr. 45. gr. a, þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, með því að hafa ekið undir áhrifum fíkniefna. Fullt tilefni hafi því verið til að færa stefnanda á lögreglustöð til blóð- og þvagsýnarannsóknar, sbr. 47. gr. sömu laga. Umræddar þvingunarráðstafanir, þ.e. handtaka og sýnataka, hafi byggst á heimildum samkvæmt ákvæðum þeirrar lagagreinar og verið lögmætar að öðru leyti, þar á meðal í samræmi við meðalhófsreglur sem gildi um störf lögreglunnar. Þar sem stefnandi hafi ekki sætt aðgerðum samkvæmt IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála séu ekki fyrir hendi skilyrði bótaréttar á grundvelli 246. gr. þeirra laga, sbr. fyrri málslíð 2. mgr. greinarinnar. Af þeim sökum og þar sem aðgerðir lögreglu hafi hvorki verið ólögmætar né saknæmar séu skilyrði bótaréttar ekki fyrir hendi.

Verði talið að stefnandi hafi þurft að þola aðgerðir samkvæmt framangreindum köflum laga nr. 88/2008 og að skilyrði bótaréttar samkvæmt 1. og 2. mgr. 246. gr. þeirra laga séu fyrir hendi sé á því byggt að þær aðgerðir hafi verið lögmætar og að fella eigi niður bætur til stefnanda þar sem hann hafi valdið þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. síðari málslíð síðarnefndu málsgreinarinnar. Um það vísist sérstaklega til þess að stefnandi hafði neytt kannabisefna áður en hann ók bifreið sinni af stað umrætt sinn, þannig að þvagsýni var jákvætt. Þá hafi verið kannabislykt af honum, sem lögreglumenn þekki vel vegna starfa sinna, auk þess sem líkamleg einkenni hans hafi gefið slíka neyslu til kynna. Þá hafi stefnandi gefið óskýr svör um fíkniefnaneyslu sína. Því sé mótmælt sem röngu og ósönnuðu að hann hafi neitað að tjá sig við lögreglu og þar sem það sé í andstöðu við lögregluskýrslu beri stefnandi sönnunarbyrði fyrir þeirri staðhæfingu sinni.

Grunur lögreglumanna á vettvangi, m.a. eftir samræður við stefnanda, hafi því verið á rökum reistur, svo sem síðar hafi verið staðfest með sýnatökum.

Með framferði sínu hafi stefnandi valdið því að fyrrgreindar aðgerðir lögreglu hafi verið nauðsynlegar í þágu umferðareftirlits, frekari rannsóknar málsins og til þess að halda uppi lögum og reglu. Orsakatengsl séu milli háttsemi stefnanda og aðgerðanna, auk þess sem þær séu sennileg afleiðing þeirrar háttsemi. Háttsemina beri enn fremur að virða stefnanda til sakar samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttar um eigin sök sem búi að baki ákvæðum síðari málsliðar 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008. Stefnandi hafi því fyrirgert sér bótarétti.

Verði talið að stefnandi eigi rétt á miskabótum sé fjárhæð bótakröfunnar of há að teknu tilliti til réttarframkvæmdar. Þá beri að líta til þess að hann hafi stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisi kröfu sína á, sbr. síðari málslið 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008.

Staðhæfingum stefnanda um ætlaða ofsahræðslu hans við nálar sé mótmælt sem ósonnuðum og að slík sérstök viðkvæmni stefnanda, yrði hún talin sonnuð, geti haft áhrif við mat á bótafjárhæð. Einnig sé mótmælt sem ósonnuðu því að stefnandi hafi mætt of seint til vinnu, að hann hafi fengið skammir fyrir það frá vinnuveitanda sínum og að hann hafi ekki fengið greidd laun fyrir þann tíma sem hann hafi misst úr vinnu. Þessum sjónarmiðum sé mótmælt sem þýðingarlausum fyrir málið, þar á meðal við mat á fjárhæð bóta. Í því efni vísist m.a. til þess að stefnandi krefjist aðeins miskabóta.

Upphafsdegi dráttarvaxtakröfu stefnanda sé mótmælt enda ekki fyrir hendi skilyrði samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu til að bótakrafa stefnanda beri dráttarvexti að liðnum mánuði frá bréfi stefnanda 18. mars 2022.

Með vísan til framangreinds og gagna málsins að öðru leyti sé því mótmælt að lögreglan hafi með athöfnum sínum brotið gegn meðalhófsreglu eða sýnt af sér ólögmeta og saknæma háttsemi að öðru leyti. Athafnir lögreglunnar hafi verið lögmætar og skilyrði bótaréttar séu ekki fyrir hendi, hvort sem litið sé til 246. gr. laga nr. 88/2008 eða almennra reglna skaðabótaréttar, þar á meðal b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Um lagarök sé vísað til alls framangreinds og þá einkum ákvæða laga nr. 88/2008, þágildandi umferðarlaga, lögreglulaga nr. 90/1996, sbr. 16. gr. þeirra laga, skaðabótalaga og almennra reglna sakamálaréttarfars og skaðabótaréttar. Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í málinu krefst stefnandi miskabóta að tiltekinni fjárhæð, auk dráttarvaxta. Á stefnukröfu stefnanda eru þeir annmarkar annars vegar að málsástæðum er blandað í kröfugerðina og hins vegar að krafist er dráttarvaxta af umkrafinni fjárhæð frá tilteknum degi, en vaxtafótar er í engu getið. Málsástæður eiga ekki heima í kröfu um greiðslu á tiltekinni fjárhæð, sbr. d-lið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um glögga tilgreiningu dómkrafna. Þessi

annmarki verður þó ekki einn og sér látinn varða því að málinu verði í heild sinni vísað frá dómi án kröfu. Þar sem dráttarvaxtakrafan er hvorki mörkuð með því að tilgreina ákveðinn vaxtafót né vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 veldur sá annmarki því að kröfu stefnanda um dráttarvexti á fjárkröfuna verður vísað frá dómi án kröfu, sbr. t.d. dóm Landsréttar í máli nr. 400/2022.

Málsatvikum og ágreiningsefnum er lýst í sérstökum kafla hér að framan og vísast til þess sem þar kemur fram.

Tveir lögreglumenn sem að málinu komu báru um það vitni fyrir dómi að hafa stöðvað stefnanda við reglulegt umferðareftirlit, en hvorugur þeirra mundi hvað hafi orðið til þess að ákveðið hafi verið að fylgja bifreið stefnanda eftir og stöðva hann. Báðir lögreglumenn staðfestu það sem fram kemur í lögregluskýrslu um atvik, þar á meðal að grunur hefði vaknað um að stefnandi væri undir áhrifum fíkniefna þar sem kannabislykt hefði fundist og að á stefnanda hefðu verið sjáanleg einkenni, munnþurrkur og rauðleit augnhvíta, en hann hafi ekki getað gefið neitt endanlegt svar um fíkniefnaneyslu. Í aðila-skýrslu stefnanda fyrir dómi kom meðal annars fram að lögregla hefði á vettvangi spurt hann að því hvenær hann hefði síðast reykt kannabis og að hann hefði svarað því til að það væru nokkrir mánuðir síðan. Hann teldi að ekki hefði verið kannabislykt af sér eða í bílnum, þar sem hann reykti aldrei í bílnum. Þá skýrðu báðir lögreglumenn svo frá fyrir dómi að strokpróf hefðu ekki verið í lögreglubifreiðum við umferðareftirlit þegar þessi atvik urðu á árinu 2018. Stefnandi hafi verið handtekinn grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna og verið kynnt réttarstaða sakbornings.

Þegar stefnandi var handtekinn var hann grunaður um refsivert brot með því að hafa ekið bifreið óhæfur til að stjórna henni örugglega vegna áhrifa ávana- og fíkniefna, en sú háttsemi varðaði við 45. gr. a umferðarlaga nr. 50/1987. Ný umferðarlög nr. 77/2019 voru samþykkt á Alþingi 11. júní 2019 og tóku þau gildi 1. janúar 2020. Með 2. mgr. 50. gr. þeirra laga var gerð sú breyting frá eldri lögum að ökumaður telst nú aðeins undir áhrifum ávana- og fíkniefna eða lyfja og óhæfur til að stjórna ökutæki örugglega ef ávana- og fíkniefni eða tiltekin lyf finnast í blóði hans, en samkvæmt 2. mgr. 45. gr. a eldri umferðarlaga nægði að slík efni fyndust í þvagi. Ágreiningslaust er að þvagprufa sem tekin var á lögreglustöð [...] 2018 reyndist jákvæð fyrir kannabis og að blóðsýni var tekið úr stefnanda í framhaldi af því. Niðurstaða rannsóknar á lífsýnum leiddi í ljós að í þvagi var niðurbrotsefni kannabis, en ekki mældust fíkniefni í blóði. Niðurstaða þvagsýnis sýnir að stefnandi hafði áður neytt kannabisefna, en ekki er frekar upplýst um hversu langt var liðið frá neyslu. Niðurstaða blóðsýnis staðfestir að við aksturinn umræddan morgun var stefnandi ekki undir áhrifum fíkniefna þannig að sannað væri að hann hefði gerst sekur um það brot sem honum hafði verið gefið að sök og því var mál hans fellt niður 18. september 2019.

Stefnandi styður kröfu sína við 246. gr. laga nr. 88/2008, þar sem mælt er fyrir um hlutlæga bótaábyrgð en einnig vísar stefnandi til miskabótaákvæðis b-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samkvæmt 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 á maður, sem borinn hefur verið sökum í sakamáli, rétt til bóta úr hendi stefnda ef mál hans er fellt niður eða hann hefur verið sýknaður með endanlegum dómi, án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann væri talinn ósakhæfur. Í 2. mgr. ákvæðisins er tekið fram að dæma skuli bætur vegna aðgerða skv. IX.–XIV. kafla laganna ef skilyrði 1. mgr. eru fyrir hendi. Þar er þó einnig tekið fram að fella megi niður bætur eða lækka þær ef sakborningur hefur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem krafa hans er reist á.

Stefndi byggir meðal annars á því að þær ráðstafanir sem stefnandi sætti í þágu rannsóknar máls hafi byggst á heimildum samkvæmt þágildandi umferðarlögum nr. 50/1987, og hafi stefnandi því ekki sætt aðgerðum sem mælt er fyrir um í ákvæðum IX.–XIV. kafla laga nr. 88/2008. Af þeim sökum séu skilyrði bótaréttar ekki fyrir hendi.

Þó að ákvæði umferðarlaga hafi að geyma sérreglur um heimildir lögreglu til rannsóknar á brotum gegn þeim lögum ber til þess að líta að samkvæmt 1. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála gilda þau lög um öll mál sem handhafar ákærvalds höfða til refsingar lögum samkvæmt. Með málsmeðferð í því sambandi er einnig átt við meðferð mála á rannsóknarstigi, óháð því hvort ákæra er gefin út eða ekki. Handtaka stefnanda tengdist rannsókn lögreglu á broti gegn umferðarlögum en hún telst, m.a. með hliðsjón af dómi Landsréttar í máli nr. 220/2019, framkvæmd á grundvelli 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga, sem er ein þeirra aðgerða sem fellur undir 2. mgr. 246. gr. laganna.

Í 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga segir að lögreglu sé rétt að handtaka mann ef rökstuddur grunur leikur á að hann hafi framið brot sem sætt geti ákæru, enda sé handtaka nauðsynleg, m.a. til að koma í veg fyrir að hann spilli sönnunargögnum. Skilyrði 1. mgr. 90. gr. sakamálalaga til handtöku stefnanda voru fyrir hendi, enda var uppi rökstuddur grunur um brot sem getur sætt ákæru. Auk einkenna á stefnanda og kannabislyktar, sem lögregla fann og þekkti, upplýsti stefnandi að eigin sögn lögreglu um að hann hefði reykt kannabis fyrir einhverju síðan. Ekkert er fram komið um að við þá neyslu hafi hann brotið gegn umferðarlögum með akstri undir áhrifum. Engra sérfræðigagna nýtur við í málinu um það hversu lengi eftir neyslu niðurbrotsefni kannabis finnst í þvagi og ósannað er að stefnandi hafi veitt lögreglu rangar upplýsingar um það hversu langt var um liðið frá neyslu hans á kannabisefnum. Verður hann ekki með framburði sínum á vettvangi eða með öðrum hætti talinn hafa valdið eða stuðlað að handtöku sinni. Rannsókn málsins leiddi ekki til útgáfu ákæru heldur var málið fellt niður. Þegar af þeirri ástæðu á stefnandi rétt til bóta vegna handtöku samkvæmt 2. mgr. 246. gr., sbr. 1. mgr., sakamálalaga, en þar er mælt fyrir um hlutlæga bótaábyrgð og verður bótaréttur ekki skertur enda þótt fullt tilefni hafi verið til aðgerða lögreglu.

Fullt tilefni var einnig til töku blóðsýnis í ljósi niðurstöðu þvagsýnis, en það mun hafa verið veitt með samþykki stefnanda. Engin sýnileg sönnunargögn styðja framburð stefnanda um meinta ofurhræðslu hans við nálar við töku blóðsýnis. Verður að virtu öllu framangreindu og gögnum málsins hvorki fallist á það með stefnanda að aðgerðir lög-reglu hafi verið saknæmar né ólögættar eða að meðalhófs hafi ekki verið gætt við rann-sókn málsins. Því eru ekki uppfyllt skilyrði miskabótaákvæðis b-liðar 26. gr. skaðabóta-laga nr. 50/1993 til að fallist verði á bótakröfu stefnanda á þeim grundvelli og er máls-ástæðum stefnanda þar að lútandi hafnað.

Sem fyrr segir telur dómurinn að stefnandi eigi rétt til bóta vegna handtöku í umrætt sinn á grundvelli 246. gr. laga nr. 88/2008. Við mat á fjárhæð bóta er til þess að líta að framlögð gögn bera ekki annað með sér en að réttra aðferða og meðalhófs hafi verið gætt við handtökuna, sem aðeins stóð yfir í eina klukkustund og tvær mínútur. Að þessu virtu eru hæfilegar bætur ákveðnar að fjárhæð 75.000 krónur.

Eftir atvikum verður málskostnaður felldur niður milli aðila. Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn í málinu og greiðist því allur gjafsóknarkostnaður stefnanda úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun Gunnars Gíslasonar lögmans, sem hæfileg er ákveðin með hliðsjón af tímaskýrslu og án virðisaukaskatts 750.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Kröfu stefnanda, A, um dráttarvexti er vísað frá dómi án kröfu.

Stefndi, íslenska ríkið, greiði stefnanda 75.000 krónur.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun Gunnars Gíslasonar lögmans, 750.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Kristrún Kristinsdóttir